# Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

Ársreikningur 2003

# Efnisyfirlit


Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ................................ 2
Áritun endurskoðenda ..................................................................... 3
Áritun tryggingastærðfræðings .......................................................... 4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ........................... 5
Efnahagsreikningur ........................................................................... 6
Yfirlit um sjóðstreymi ......................................................................... 7
Reikningsskilaaðferðir ....................................................................... 8
Skýringar ........................................................................................... 9-12
Kennitölur ......................................................................................... 13

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingasjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.
Sjóðurinn er með ábyrgð Akureyrarbæjar

Alls greiddu 271 sjóðfélagi hjá 4 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 24 á árinu. Iðgjöldin námu samtals 127,8 millj.króna sem er hækkun um 2% frá fyrra ári.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 170,8 milljónum króna og hækkuðu um 11,8% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega í desember var 268 og hafði þeim fjölgað um 14 frá sama tíma á árinu áður.

Ráðstöfunarfé sjóðsins til nýrra fjárfestinga á árinu að frátöldu innstreymi vegna seldra verðbréfa nam 87,3 millj. króna
Nýjar fjárfestingar umfram sölu verðbréfa námu samtals 72 milljónum króna og hækkaði handbært fé um 15,2 milljón kr.
Sjóðurinn fjárfesti fyrst og fremst í innlendum og erlendum verðbréfum með breytilegum tekjum.
Eign sjóðsins í verðbréfum með breytilegum tekjum nam í árslok kr. 479,1 milljón og í verðbréfum með föstum tekjum 679,7 millj. króna.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 1.183 milljónum króna og hækkaði um 79,9 milljón kr. frá fyrra ári eða um 7,2%.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 11,36% og hrein raunávöxtun var 8,41%. Afkoma sjóðsins batnar því verulega og þetta önnur besta afkoma í sögu sjóðsins. Sambærilegar tölur fyrir árið í fyrra voru -0,15% og -2,11%
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár er 3,7% og 5,0% sl. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2003. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins kr. 6.418 millj. kr. og eignir til tryggingafræðilegs uppgjörs kr. 1.268 millj. Áfallnar skuldbindingar nema því kr. 5.150 millj. umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 20% af áföllnum skuldbindingum miðað við 3,5% ársvexti. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 6.232 milljónir króna eða sem nemur 76% af skuldbindingum.
Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 36 milljónir á árinu. Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirskrift sinni.

Akureyri, 3. mars 2004.

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.
Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 3. mars 2004.

***KPMG*** Endurskoðun Akureyri hf.

# Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjarí árslok 2003. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur áranna 1996-2000 og 2,0% vexti p.a. umfram laun. Hef ég ekki talið ástæðu til að víkja frá staðalforsendum útreikninga sem gefnir eru í reglugerð 391/1998.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 11.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhaldi sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2003. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Á síðasta ári voru sjóðfélögum sem eiga geymd réttindi í sjóðnum fundin viðmiðunarlaun fyrir lífeyrisrétt miðað við starfslok eða mitt ár 2000 ef starfslok voru fyrir þann tíma. Breytast viðmiðunarlaun síðan með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem reiknuð er af Hagstofu. Áður hafa viðmiðunarlaun verið áætluð eftir iðgjaldagreiðslum og áætlun um launaþróun, og ætti þessi breyting að vera til að minnka óvissu í mati réttinda. Hefur þessi breyting haft áhrif til lækkunar á mati skuldbindinga frá því sem áður var.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2003. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að verulega skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.
Það mun því lenda á ábyrgðaraðila sjóðsins að greiða mjög stóran hluta af skuldbindingum sjóðsins með framlögum til viðbótar við venjubundnar iðgjaldagreiðslur.

Reykjavík, febrúar 2004

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir 2003

| | Skýringar | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | 1 | | |
| Iðgjöld, sjóðfélagar ............................................. | | 21.509.020 | 22.361.880 |
| Iðgjöld, launagreiðendur ..................................... | | 106.544.031 | 103.395.099 |
| Réttindaflutningar og endurgreiðslur ..................... | | (242.622) | (408.029) |
| | | 127.810.429 | 125.348.950 |
| **Lífeyrir** | 2 | | |
| Lífeyrir ............................................................... | | 170.771.690 | 152.654.010 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris ............ | | 12.982 | 94.259 |
| | | 170.784.672 | 152.748.269 |
| **Fjárfestingartekjur** | 3 | | |
| Tekjur af eignarhlutum ........................................ | | 22.447 | 54.174 |
| Vaxtatekjur og gengismunur .................................. | | 127.044.188 | 6.086.208 |
| Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa ...................... | | 657.374 | (3.291.674) |
| | | 127.724.009 | 2.848.708 |
| **Fjárfestingagjöld** | 4 | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður ......................... | | 1.149.381 | 1.108.788 |
| **Rekstrarkostnaður** | 5 | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður ......................... | | 3.705.760 | 3.401.490 |
| **Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga** | | 79.894.625 | (29.060.889) |
| Hrein eign frá fyrra ári .......................................... | | 1.102.855.133 | 1.131.916.022 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 1.182.749.758 | 1.102.855.133 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2003

| | Skýringar | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Aðrar fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum ........................... | 6 | 479.134.807 | 289.390.915 |
| Verðbréf með föstum tekjum .................................. | 7 | 549.209.164 | 666.631.258 |
| Veðlán.................................................................... | 7 | 133.075.650 | 141.458.932 |
| Niðurfærslusjóður útlána ........................................ | 7 | (2.634.300) | (3.291.674) |
| **Fjárfestingar alls** | | 1.158.785.321 | 1.094.189.431 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur ......................................... | | 9.424.725 | 8.578.324 |
| Aðrar kröfur .......................................................... | | 0 | 398.063 |
| | | 9.424.725 | 8.976.387 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Veltiinnlán ............................................................ | | 16.574.946 | 1.421.803 |
| **Eignir alls** | | 1.184.784.992 | 1.104.587.621 |
| **Skuldir** | | | |
| Aðrar skuldir .......................................................... | 8 | 2.035.234 | 1.732.488 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok** | | 1.182.749.758 | 1.102.855.133 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 2003

| | Skýringar | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 127.810.429 | 125.348.950 |
| Fjárfestingatekjur | | 67.679.856 | 63.528.865 |
| Afborganir verðbréfa | | 67.497.212 | 61.736.793 |
| Seld bréf með breytilegum tekjum | | 196.430.390 | 189.559.629 |
| Seld bréf með föstum tekjum | | 92.810.880 | 12.008.069 |
| Aðrar inngreiðslur | | 0 | 4.364.517 |
| | | 552.228.767 | 456.546.823 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 170.784.672 | 152.748.269 |
| Fjárfestingargjöld | | 1.149.381 | 1.108.788 |
| Rekstrarkostnaður | | 3.705.760 | 3.401.490 |
| | | 175.639.813 | 157.258.547 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 376.588.954 | 299.288.276 |
| **Kaup á verðbréfum** | 10 | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 319.981.569 | 300.760.934 |
| Keypt verðbréf með föstum tekjum | | 30.508.650 | 0 |
| Ný veðlán og útlán | | 10.800.000 | 19.175.000 |
| Aðrar fjárfestingar | | 0 | 0 |
| **Verðbréfakaup samtals** | | 361.290.219 | 319.935.934 |
| Aðrar útgreiðslur | | 145.592 | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | | |
| | | 145.592 | |
| Ráðstöfun ársins | | 361.435.811 | 319.935.934 |
| **Hækkun á sjóði og veltiinnlánum á árinu** | | 15.153.143 | (20.647.658) |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 1.421.803 | 22.069.461 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 16.574.946 | 1.421.803 |

# Reikningsskilaaðferðir

## Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 ársreikninga lífeyrissjóða.
Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## Verðbréfaeign, verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu.
Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2004.

Skuldabréf eru eignfærð í árslok, miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram.

Eignarhlutir í verðbréfasjóðum eru færðir á skráðu markaðsgengi, eins og það var síðasta virka dag ársins.

# Skýringar

## 1. Iðgjöld

| Iðgjöld sundurliðast þannig: | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| A-deild: | | |
| Iðgjöld sjóðfélagar | 21.258.755 | 20.732.176 |
| Iðgjöld, launagreiðendur | 31.888.132 | 31.098.263 |
| Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur | 74.280.501 | 69.852.280 |
| | 127.427.388 | 121.682.719 |
| B-deild: | | |
| Iðgjöld, sjóðfélagar | 250.265 | 1.629.704 |
| Iðgjöld, launagreiðendur | 375.398 | 2.444.556 |
| | 625.663 | 4.074.260 |
| Iðgjöld ársins | 128.053.051 | 125.756.979 |
| Réttindaflutningur til sjóðsins | 1.861 | 19.977 |
| Réttindaflutningur frá sjóðnum | (244.483) | (75.590) |
| Endurgreidd iðgjöld | 0 | (192.270) |
| Verðbætur af réttindaflutningum til sjóðs | 0 | 8.003 |
| Verðbætur af réttindafl. og endurgr. frá sjóði | 0 | (99.260) |
| Vextir á endurgreidd iðgjöld | 0 | (68.889) |
| | (242.622) | (408.029) |
| Iðgjöld ársins | 127.810.429 | 125.348.950 |

## 2. Lífeyrir

| **Sundurliðun eftir tegundum:** | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 120.968.734 | 104.122.665 |
| Örorkulífeyrir | 12.921.651 | 12.991.143 |
| Makalífeyrir | 35.785.776 | 34.372.957 |
| Barnalífeyrir | 1.095.529 | 1.167.245 |
| | 170.771.690 | 152.654.010 |
| Kostnaður við úrskurði | 12.982 | 94.259 |
| Lífeyrisútgjöld ársins | 170.784.672 | 152.748.269 |

## 3. Fjárfestingartekjur

Fjárfestingatekjur sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum: | | |
| Tekjur af innlendum hlutabréfum | 22.447 | 54.174 |
| | 22.447 | 54.174 |
| Vaxtatekjur og gengismunur: | | |
| Tekjur af innlendum hlutabréfasjóðum | 30.560.523 | 7.802.259 |
| Tekjur af erlendum hlutabréfasjóðum | 23.131.745 | (63.000.123) |
| Samtals tekjur af hlutabréfaverðbréfasjóðum | 53.692.268 | (55.197.864) |
| Tekjur af skuldabréfasjóðum | 11.520.897 | (5.528.077) |
| Tekjur af peningamarkaðssjóðum | 2.800.745 | 1.048.160 |
| Tekjur af markaðsbréfum | 46.181.720 | 51.961.915 |
| Tekjur af veðskuldabréfum | 11.982.957 | 12.320.348 |
| Tekjur af öðrum útlánum | 224.629 | 205.011 |
| Tekjur af bankainnistæðum | 640.972 | 1.276.715 |
| | 73.351.920 | 61.284.072 |
| Vaxtatekjur og gengismunur samtals | 127.044.188 | 6.086.208 |
| Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar | 657.374 | (3.291.674) |
| Fjárfestingartekjur samtals | 127.724.009 | 2.848.708 |

# Skýringar

## 4. Fjárfestingargjöld

Fjárfestingargjöld, sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í rekstrarþóknun | 1.149.381 | 1.108.788 |
| | 1.149.381 | 1.108.788 |

## 5. Rekstrarkostnaður:

Rekstrakostnaður sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun og launatengd gjöld | 377.470 | 300.000 |
| Rekstrarþóknun | 3.448.144 | 3.326.362 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.029.527 | 883.916 |
| | 4.855.141 | 4.510.278 |
| Fært á fjárfestingargjöld | (1.149.381) | (1.108.788) |
| | 3.705.760 | 3.401.490 |

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Sundurliðun á hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum er sem hér segir:

| **Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:** | | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| *Einstök félög:* | Eignar-% | | |
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 0,00% | 0 | 69.000 |
| Landsbanki Íslands hf. | 0,00% | 0 | 458.017 |
| Innlend hlutabréf í einstökum félögum alls | | 0 | 527.017 |
| *Hlutabréfasjóðir:* | | | |
| ÍV - Verðbréf 4 | | 94.186.548 | 63.089.109 |
| Innlendir hlutabréfasjóðir alls | | 94.186.548 | 63.089.109 |
| | | 94.186.548 | 63.616.126 |
| **Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir:** | | | |
| *Hlutabréfasjóðir:* | | | |
| BGI - heimssjóður | | 168.077.309 | 127.218.671 |
| ÍV - Verðbréf 5 | | 19.448.639 | |
| | | 187.525.948 | 127.218.671 |
| | Hlutabréf og hlutabréfasjóðir alls | 281.712.496 | 190.834.797 |
| **Innlendir skuldabréfasjóðir:** | | | |
| ÍV - Verðbréf 1 | | 34.369.733 | 21.412.935 |
| ÍV - Verðbréf 2 | | 125.591.792 | 30.085.308 |
| | | 159.961.525 | 51.498.243 |
| **Innlendir peningamarkaðssjóðir:** | | | |
| Peningabréf Landsbankans | | 15.001.309 | 42.442.165 |
| Sparibréf Landsbankans | | 22.459.477 | 4.615.710 |
| | | 37.460.786 | 47.057.875 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | | 479.134.807 | 289.390.915 |

Öll hlutdeildarskírteini sjóðsins eru skráð.

# Skýringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinist þannig í einstaka flokka:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| **Markaðsbréf:** | | |
| Ríkisskuldabréf | 402.465.479 | 441.285.660 |
| Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja | 68.373.017 | 82.708.318 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 76.783.911 | 136.802.775 |
| Önnur markaðsskuldabréf | 1.586.757 | 5.834.505 |
| | 549.209.164 | 666.631.258 |
| **Veðskuldabréf:** | | |
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 133.075.650 | 141.458.932 |
| Afskriftarsjóður skuldabréfaeignar | (2.634.300) | (3.291.674) |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 679.650.514 | 804.798.516 |

Markaðsverð skuldabréfaeignar sjóðsins er áætlað um 46,3 millj. kr. hærra en bókfært verð.

## 8. Skuldir

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| **Aðrar skammtímaskuldir:** | | |
| Ógreidd rekstrarþóknun | 1.759.686 | 1.732.488 |
| Staða gjaldmiðlaskiptasamninga | 21.286 | |
| Ógreiddur kostnaður | 254.262 | |
| | 2.035.234 | 1.732.488 |

## 9. Afleiðusamningar til að draga úr áhættu

Sjóðurinn hefur gert samninga til að til að draga úr gjaldmiðlaáhættu í verðbréfasafni sjóðsins. Samningarnir eiga að vega upp á móti gjaldeyrisáhættu vegna erlendra eigna.

Fjárhæð samninga í árslok, staða í árslok og og afkoma samninganna á árinu var sem hér segir:

| | Fjárhæð | Hlutfall *) | Staða | Afkoma |
|---|---|---|---|---|
| Gjaldmiðlaskiptasamningar | 128.025.589 | 68,3% | (21.286) | 2.191.970 |

*) Hlutfall af erlendum eignum sjóðsins.

Tekjur og gjöld af samningunum hafa verið færð í ársreikning sjóðsins og er staða þeirra sýnd meðal efnahagsliða. Raunveruleg áhættudreifing eftir myntum er mikil.

## 10. Ráðstöfun

Kaup og sala verðbréfa á árinu greinist þannig:

| Bréfaflokkur: | Kaup | Sala | Ráðstöfun |
|---|---|---|---|
| Innlend hlutabréf | 0 | (536.916) | (536.916) |
| Innlend hlutdeildarkírteini, hlutabréfasjóðir | 536.916 | 0 | 536.916 |
| Innlend hlutdeildarskírteini, skuldabréfasjóðir | 96.942.385 | 0 | 96.942.385 |
| Innlend hlutdeildarskírteini, peningam. sjóðir | 34.753.533 | (47.202.239) | (12.448.706) |
| Erlend hlutdeildarskírteini, hlutabréfasjóðir | 187.748.735 | (148.691.235) | 39.057.500 |
| Samtals verðbréf með breytilegum tekjum | 319.981.569 | (196.430.390) | 123.551.179 |
| | | | |
| Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja | 0 | (6.657.845) | (6.657.845) |
| Önnur markaðsskuldabréf | 30.508.650 | (86.153.035) | (55.644.385) |
| Veðskuldabréf | 10.800.000 | 0 | 10.800.000 |
| Samtals verðbréf með föstum tekjum | 41.308.650 | (92.810.880) | (51.502.230) |
| | | | |
| Ráðstöfun í verðbréfakaup, samtals | 361.290.219 | (289.241.270) | 72.048.949 |

## 11. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2003 námu áfallnar skuldbindingar 5.149,6 millj. króna hærri fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 6.231,5 millj. kr. hærri fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2,0% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkanir sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.
Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði um 36 milljónir króna á árinu. Má það einkum rekja til breytinga á mati viðmiðunarlauna.
Niðurstaða matsins, sbr. áritun tryggingastærðfræðings, er sú að skuldbindingar sjóðsins eru verulega hærri en eignir og því allar líkur á að Akureyrarbær, sem ábyrgðaraðili sjóðsins, muni þurfa að greiða stóran hluta þessara skuldbindinga með framlögum umfram hefðbundnar iðgjaldagreiðslur.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir einnig til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærri en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra getur staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir (í millj. króna):

| Eignir: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 1.182,7 | 0,0 | 1.182,7 |
| Núvirði verðbréfa | 113,8 | 0,0 | 113,8 |
| Fjárfestingarkostnaður | (28,1) | 0,0 | (28,1) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0,0 | 672,7 | 672,7 |
| Eignir samtals | 1.268,4 | 672,7 | 1.941,1 |
| | | | |
| Skuldbindingar: | | | |
| Ellilífeyrir | 4.604,0 | 1.298,9 | 5.902,9 |
| Örorkulífeyrir | 331,8 | 94,5 | 426,3 |
| Makalífeyrir | 1.405,7 | 338,4 | 1.744,1 |
| Barnalífeyrir | 16,2 | 0,0 | 16,2 |
| Rekstrarkostnaður | 60,3 | 22,8 | 83,1 |
| Skuldbindingar samtals | 6.418,0 | 1.754,6 | 8.172,6 |
| | | | |
| Skuldbindingar umfram eignir | (5.149,6) | (1.081,9) | (6.231,5) |
| | | | |
| Eignir sem hlutfall af skuldbindingum | 19,8% | 38,3% | 23,8% |
| Hrein eign umfram skuldbindingar | -80,2% | -61,7% | -76,2% |
| | | | |
| Skuldbindingar umfram eignir 01.01.2003 | (5.126,3) | (1.141,2) | (6.267,5) |
| Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2003 | (5.149,6) | (1.081,9) | (6.231,5) |
| Breyting á árinu | (23,3) | 59,3 | 36,0 |

# Kennitölur

| Skýring: | | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun ................................................ | | 11,36% | -0,15% | 8,65% | 7,61% | 15,32% |
| Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal ........................ | | 8,44% | 8,70% | 10,19% | 10,15% | 10,41% |
| Raunávöxtun ............................................... | 1 | 8,41% | -2,11% | 0,04% | 3,30% | 9,48% |
| Raunávöxtun - 5 ára meðaltal ....................... | | 3,73% | 3,40% | 4,97% | 6,26% | 6,96% |
| Raunávöxtun - 10 ára meðaltal ..................... | | 5,04% | 4,86% | 5,84% | e.t. | e.t. |
| Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum ....... | 2 | 0,32% | 0,30% | 0,26% | 0,34% | 0,21% |
| Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum ........ | 2 | 0,10% | 0,10% | 0,10% | 0,10% | 0,16% |
| Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum ......... | 2 | 0,42% | 0,40% | 0,37% | 0,44% | 0,37% |
| | | | | | | |
| Samsetning fjárfestinga: | 3 | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .... | | 41% | 17% | 18% | 21% | 18% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum ........... | | 45% | 58% | 54% | 48% | 23% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum .......... | | 2% | 12% | 15% | 18% | 45% |
| Veðlán .................................................. | | 11% | 13% | 14% | 13% | 14% |
| | | | | | 0 | |
| Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: | 4 | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ........................ | | 84% | 88% | 82% | 81% | 89% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum .................. | | 16% | 12% | 18% | 19% | 11% |
| | | | | | | |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | 5 | | | | | |
| Ellilífeyrir ............................................... | | 70,8% | 68,2% | 67,0% | 67,0% | 65,9% |
| Örorkulífeyrir .......................................... | | 7,6% | 8,5% | 5,8% | 2,8% | 6,5% |
| Makalífeyrir ............................................ | | 21,0% | 22,5% | 26,6% | 29,5% | 27,1% |
| Barnalífeyrir ........................................... | | 0,6% | 0,8% | 0,6% | 0,7% | 0,5% |
| | | | | | | |
| Lífeyrisbyrði ................................................. | 6 | 134% | 122% | 115% | 104% | 101% |
| Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu ................ | | 4 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| Virkir sjóðfélagar .......................................... | 7 | 262 | 283 | 316 | 353 | 413 |
| Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga .................... | 8 | 271 | 295 | 341 | 369 | e.t. |
| Fjöldi lífeyrisþega í lok tímabils ....................... | | 267 | 254 | 234 | 225 | 188 |
| Hækkun iðgjalda frá fyrra ári ......................... | | 2,0% | 2,4% | 10,4% | 1,3% | 2,5% |
| Hækkun lífeyrisútgjalda ................................ | | 11,8% | 21,3% | 22,30% | 4,4% | 18,5% |
| Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris ......... | | 7,2% | -2,6% | 7,05% | 7,2% | 15,5% |
| Hækkun á áföllnum lífeyriskuldbindingum ....... | | -1% | 7% | 24% | 2% | 4,0% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 8 | -76% | -77% | -74% | -71% | -70% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 9 | -80% | -81% | -79% | -76% | -76% |
| Starfsmannafjöldi .......................................... | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hækkun vísitölu neysluverðs .......................... | | 2,72% | 2,00% | 8,61% | 4,18% | 5,3% |
| | | | | | | |
| **Ávöxtun einstakra eignaflokka:** | | | | | | |
| *Nafnávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf ............................................... | | 48,1% | 14,9% | -24,3% | -3,4% | |
| Erlend hlutabréf ................................................. | | 15,9% | -38,7% | -5,6% | 9,2% | |
| Ríkistryggð skuldabréf ....................................... | | 9,0% | 8,1% | 15,8% | 10,9% | |
| Önnur innlend skuldabréf ................................... | | 7,2% | 8,0% | 14,8% | 10,0% | |
| Erlend skuldabréf .............................................. | | | -17,4% | 7,5% | -9,9% | |
| Skammtímabréf ................................................. | | 7,3% | 13,0% | 12,0% | 6,6% | |
| *Raunávöxtun:* | | | | | | |
| Innlend hlutabréf ............................................... | | 44,1% | 12,6% | -30,3% | -7,3% | |
| Erlend hlutabréf ................................................. | | 12,8% | -39,9% | -13,1% | 4,8% | |
| Ríkistryggð skuldabréf ....................................... | | 6,1% | 6,0% | 6,6% | 6,5% | |
| Önnur innlend skuldabréf ................................... | | 4,4% | 5,8% | 5,7% | 5,6% | |
| Erlend skuldabréf .............................................. | | | -19,0% | -1,0% | -13,5% | |
| Skammtímabréf ................................................. | | 4,5% | 10,8% | 3,1% | 2,4% | |

e.t. = kennitala ekki tiltæk

## Skýringar:

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar miðað við vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum.
7. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga í hverjum mánuði ársins.
8. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
9. Heildareignir sjóðsins (eign í árslok + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
10. Eignir í árslok í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar í árslok skv. tryggingafræðilegri úttekt.